

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	21.11.2016
Málalýkill	9.22
Mál nr.	1302243

Garðabæ 19.11.2016.

Til þeirra er málið varðar.

Varðandi forkynningu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030.

Undirrituð María Ólafsdóttir og Sveinn Jónsson erum íbúar og eigendur að einbýlishúsi að Njarðargrund 1, húsið er staðsett á eignalóð.

Eins og fram kemur í drögum að umræddu skipulagi er gert ráð fyrir þéttingu byggðar við Hafnarfjarðarveg. Í drögunum er minnst á þetta sem þróunarsvæði og má ljóst vera að það mun raska því skipulagi sem nú er í gildi og þar með á okkar lóð. Við erum vægast sagt uggandi yfir okkar nánustu framtíð.

Hver er staða okkar og við hverju getum við búist í þessu ferli sem framundan er?

Megum við reikna með því að lóðin verði skert eða húsið fjarlægt?

Hver eru tímamörkin ?

Kemur það til greina af hálfu bæjarins að kaupa upp eignir á þessu svæði ?

Ef bærinn ætlar ekki að kaupa, hver þá?

Hvað þarf að gerast til að þessi áform verði að veruleika? (verður það um leið og skipulagsyfirvöld samþykkja nýtt aðalskipulag og deiliskipulag í framhaldi?).

Við óskum eftir svörum við spurningum okkar sem fyrst.

María Ólafsdóttir

Sveinn Jónsson